

samningnum, sé frá þeim degi er bókun þessi tekur gildi gagnvart því aðili að samningnum eins og honum er breytt með bókun þessari.

4. Litið skal svo á sem hvert það ríki, sem aðili gerist að samningnum eftir að bókun þessi tekur gildi, sé aðili að samningnum eins og honum er breytt með bókun þessari.

5. Fullgildingar-, staðfestingar-, samþykkis- og aðildarskjölum skal komið í vörslu ríkisstjórnar lýðveldisins Frakklands.

7. gr.

Ríkisstjórn sú sem er vörsluaðili samningsins skal tilkynna samningsaðilum og ríkjum þeim sem um getur í 22. gr. samningsins um undirritanir bókunar þessarar, um afhendingu fullgildingar-, staðfestingar-, samþykkis- eða aðildarskjala samkvæmt 4., 5. og 6. gr. og um gildistöku dag bókunarinnar.

8. gr.

Frumriti bókunar þessarar, en enskur og franskur texti hennar eru jafngildir, skal komið í vörslu ríkisstjórnar lýðveldisins Frakklands.

ÞESSU TIL STAÐFESTU hafa undirritaðir, sem til þess hafa fullt umboð ríkisstjórna sinna, undirritað bókun þessa.

Gjört í París, 26. mars 1986.

ting Party to the Convention shall be considered as a Contracting Party to the Convention as amended by this Protocol as of the date of entry into force of this Protocol for that State.

4. Any State which becomes a Contracting Party to the Convention after the entry into force of this Protocol shall be considered as a Contracting Party to the Convention as amended by this Protocol.

5. The instruments of ratification, acceptance, approval or accession shall be deposited with the Government of the French Republic.

ARTICLE VII

The Depository Government shall inform the Contracting Parties and those States referred to in Article 22 of the Convention of signatures of this Protocol, of the deposit of instruments of ratification, acceptance, approval or accession, made pursuant to Articles IV, V and VI, and of the date of entry into force of this Protocol.

ARTICLE VIII

The original of this Protocol, of which the English and French texts shall be equally authentic, shall be deposited with the Government of the French Republic.

IN WITNESS WHEREOF, the undersigned, duly authorized by their respective Governments, have signed this Protocol.

Done in Paris, this MARCH 26th 1986.

10. september 1987

Nr. 17

AUGLÝSING

um gildistöku samnings um stofnun norræns þróunarsjóðs fyrir hin vestlægu Norðurlönd.

Samningur frá 19. ágúst 1986 um stofnun norræns þróunarsjóðs fyrir hin vestlægu Norðurlönd mun öðlast gildi 17. september 1987, sbr. auglýsingu í C-deild Stjórnartíðinda nr. 2/1987 þar sem samningurinn er birtur.

Þetta er hér með gert almenningi kunnugt.

Utánríkisráðuneytið, Reykjavík, 10. september 1987.

Steingrímur Hermannsson.

Hannes Hafstein.